

Sérkjarasamningur

milli

Samtaka atvinnulífsins vegna Neyðarlinunnar hf.

og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

1. Gildissvið

Samningur þessi tekur til starfa neyðarvarða hjá Neyðarlinunni hf. og er hluti af aðalkjarasamningi aðila. Samningurinn hefur sama gildistíma og aðalkjarasamningur og gildir hann í öllum öðrum atriðum en þeim sem hér greinir.

2. Laun

Grunnlaun vaktavinnumanna á mánuði eru eftirfarandi frá undirritun samningsins.

	Neyðarverðir	Aðst.vaktstjórar	Vaktstjórar
Byrjunarlaun	1 135.600	145.820	156.810
Eftir 3 mán.	2 137.634	148.007	159.163
Eftir 1 ár	3 139.699	150.228	161.551
Eftir 3 ár	4 144.588	155.485	167.204
Eftir 5 ár	5 146.757	157.818	169.713
Eftir 7 ár	6 148.958	160.185	172.258

Í framangreindum launataxta eru innifaldar greiðslur vegna nauðsynlegra samskipta á vaktaskiptum, undirbúnings og frágangs. Sérstök greiðsla vegna samvistartíma er því ekki fyrir hendi.

Grunnlaun byrjenda á mánuði eru kr. 98.000 á mánuði.

Starfsaldur miðast við starfstíma hjá Neyðarlinunni hf. Hliðstæð störf, í t.d. slökkviliði og lögreglu, skal þó meta til allt að eins árs starfsreynslu að loknum reynslutíma.

3. Vaktavinna.

3.1. Vinnuskylda fyrir fullt starf

Vinnuskylda fyrir fullt starf eru 150 klst. á fjögurra vikna tímabili. Vinna starfsmanns getur verið meiri eða minni en þessum stundafjölda nemur eftir atvikum. Ná starfsmaður ekki að skila þessum fjölda á viðmiðunartímabilinu þá færast sá stundaföldi sem upp á vantar inn á jöfnunarreikning og dregst frá skipulagðri yfirvinnu á síðara tímabili. Vinnuskil undir fullri vinnuskyldu hefur ekki áhrif á greiðslu fastra launa. Fyrir vinnu umfram 150 klst. á fjórum vikum greiðist yfirvinna.

3.1.1. Vaktir

Með vöktum er í samningi þessum átt við fyrirfram ákveðna vinnutílhögun. Vakt skal eigi vera lengri en 12 klst. og eigi skemmri en fjórar klst. Hver vakt skal unnin í samfelldri heild.

Vaktir skulu að jafnaði ákveðnar fyrir þrjá mánuði í senn, en þó að lágmarki fyrir fjórar vikur. Skal vaktaskrá hanga uppi þar sem starfsfólk á greiðan aðgang að henni fjórum vikum áður en vinna eftir henni hefist.

3.2. Álag á dagvinnukaup.

Álag á dagvinnukaup: greiðist á þann hluta vinnuskyldu fyrir fullt starf, sem fellur utan tímabilsins kl. 08:00 - 17:00 mánudaga til föstudaga á eftirfarandi hátt:

33% álag á tímabilinu kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til föstudaga.

45% álag á tímabilinu kl. 00:00 - 08:00 alla daga svo og um helgar.

3.2.1. *Álag á helgidögum.*

Vinna á skírdag, annan í páskum, sumardaginn fyrsta, 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu og annan jóladag greiðist með 45% álagi.

3.2.2. *Álag á stórhátíðardögum.*

Vinna á nýársdag, föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, 17. júní, frídag verslunarmanna, aðfangadag eftir kl. 12:00, jóladag og gamlársdag eftir kl. 12:00 greiðist með 90% álagi.

3.2.3. *Yfirvinnukaup*

Yfirvinnukaup er 1,0385% af grunnlaunum á mánuði skv. 2. gr. Fyrir vinnu umfram 150 stundir í vaktavinnu á fjögurra vikna viðmiðunartímabili skal greiða yfirvinnukaup. Dagvinnumenn fá greidda yfirvinnu fyrir vinnustundir umfram 150 á fjögurra vikna viðmiðunartímabili.

3.2.4. *Neysluhlé*

Neysluhlé skulu vera sem svarar 5 mín. fyrir hvern unninn klukkutíma og skiptast eftir samkomulagi starfsmanna og stjórnanda. Neysluhlé skulu jafnan miðast við að vera a.m.k 15 mínútur samfelt. Vinna í neysluhléum greiðist með yfirvinnukaupi eða styttri vinnutíma samsvarandi.

3.3. *Vetrarfrí vegna vinnu á helgidögum.*

Starfsmenn, sem vinna vaktavinnu, vinna sér inn 12 vetrarfrídaga miðað við ársstarf (96 vinnuskýldustundir m.v. fullt starf), fyrir helgi- og tyllidaga skv. gr. 2.2. í aðalsamningi, sem falla á mánuðaga til föstudaga.

Vetrarfrídagar skulu veittir á tímabilinu frá 1. október til 1. maí. Innvinnsla vetrarfrídaga miðast við október til október.

Heimilt er með samkomulagi vinnuveitanda og starfsmanns að greiðsla komi í stað umræddra frídaga, 8 klst. í dagvinnu fyrir hvern frídag miðað við fullt starf. Afleysingafólk fái vetrarfrídaga sem fallið hafa á starfstímabilið gerða upp við starfslok.

3.4. *Inn- og útstimplanir í stimpilklukku*

Tímaskráning skv. stimpilklukku myndar grundvöll fyrir launagreiðslur. Starfsmönnum er skylt að hefja og ljúka vakt með notkun stimpilklukku. Þegar starfsmenn þurfa að sinna sérstökum erindagjörðum utan starfsstöðvar (byggingarinnar) er þeim skylt að stimpla sig út við brottför og inn við komu. Slíkar inn- og útstimplanir hafa ekki áhrif á skráningu vinnutíma.

4. *Laun í veikindum*

Í veikindatilvikum skulu starfsmenn halda launum í samræmi við fyrirbyggjandi vaktaskrá. Standi þannig á að starfsmaður er ekki skráður á vaktskrá skal miða greiðslur launa í veikindum við meðalvaktaskil síðustu sex mánuði og reikna meðalvaktálag á þeim grundvelli.

5. *Endurmenntun.*

Starfsmenn skulu bæði við ráðningu og síðar sækja námskeið og þjálfun í samræmi við kröfur fyrirtækisins á hverjum tíma. Starfsmenn halda föstum launum á meðan slík endurmenntun og þjálfun fer fram.

6. *Einkennis- og hlífðarföt*

Starfsmönnum er séð fyrir einkennisfatnaði þeim að kostnaðarlausu.

7. *Vinnustöðvanir*

Starfsemi Neyðarlinunnar skal vera ótrufluð af vinnustöðvunum. Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur er því óheimilt að boða til vinnustöðvunar og Samtökum atvinnulífsins verkþann vegna starfsmanna Neyðarlinunnar.

8. *Ferðir til og frá vinnustað*

Neyðarlinan greiðir kostnað af ferðum til og frá vinnustað á þeim tíma sem strætisvagnar ganga ekki, t.d. vegna leigubíla.

9. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá undirritun.

Reykjavík 14. mars 2003

F.h. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur


Guðmundur B. Ólafsson
Eliás Magnússon
Kristinn Friðriksson
Kristján Þórhafsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins
vegna Neyðarlinunnar hf.


Hannes G. Sigurðsson

Þórhallur Ólafsson


Bókun 1

Samningsaðilar eru sammála um að skuldbindingar skv. gr. 3.1. um vinnustöðvanir hafi fullt gildi eftir að samningurinn er að öðru leiti fallinn niður fyrir uppsögn eða gildistími hans er útrunninn.

Bókun 2

Þar sem allar upplýsingar um óafgreidd mál liggja fyrir í tölvukerfi fyrirtækisins í lok vaktar hvers starfsmanns þá fellur niður samvistartími á vaktaskiptum og sérstakar greiðslur vegna hans.

Bókun 3

Frá og með orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2003 verður greitt orlofsfé af öllum launum inn á orlofsreikning starfsmanns. Af því leiðir að niður falla launagreiðslur til starfsmanna í orlofi.

Bókun 4

Frá og með upptöku nýs vaktavinnukerfis falla greiðslur fastrar yfirvinnu niður að hluta. Þar sem full nýting samningsbundinna neysluleáa er í sumum tilvikum ekki möguleg greiðist alltaf föst yfirvinna sem nemur 30 mín. pr. hverja 12 klst. vakt og hlutfallslega fyrir styttri vaktir.

Bókun 5

Frá og með upptöku nýs vaktavinnukerfis fellur niður sérstakt álag, skv. ráðningarsamningi, sem greitt hefur verið vegna vaktar á tímabilinu frá kl. 07:30 á föstudagsmorgni til kl. 19:30 á sunnudagskvöldi.

Bókun 6

Laun verða greidd eftir á frá og með upptöku nýs fyrirkomulags við greiðslu launa. Sú fyrirframgreiðsla sem greidd var árið 2001 verður ekki aftur krafin.

Bókun 7

Nefnd, skiptu tveimur fulltrúum völdum af starfsmönnum og tveimur völdum af stjórnendum, skal fjalla um vandamál í tengslum við framkvæmd vaktavinnukerfis og gera tillögur til úrbóta.